

**Ed.**

**159. Nefndarálit**

[100. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7/1972, lög nr. 60/1973, lög nr. 10/1974 og lög nr. 11/1975.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Þar sem ég tel eignarskatt óréttlátan skatt til tekjuöflunar ríkissjóðs mæli ég gegn hækkun þeirri, sem nú er fyrirhuguð, og tel að stefna beri að því að leggja eignarskatta niður.

Gjaldþol fólks þolir ekki íþyngjandi álögur eins og málum er nú komið.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir hækkun tekna til ríkissjóðs af eignarskatti af einstaklingum og félögum frá fjárlögum 1975 úr 443 millj. kr. í 952 millj. kr. Er hér um að ræða 509 millj. kr. viðbótarálag á umrædda skattgreiðendur, sem ég met sem lið í eignaupptöku og leyfi mér að vara við.

Ungum og öldnum, sem lagt hafa afrakstur erfiðis síns til eignasköpunar í þjóðfélaginu, er hegnt með síhækkandi eignarsköttum. Þessu vil ég leggja gegn og mun því mótmæla þessum hækkunum með því að greiða atkvæði gegn ofangreindu ákvæði til bráðabirgða sem felst í frumvarpi til laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Alþingi, 11. des. 1975.

Albert Guðmundsson.